



- ÍST 45:2016 -

Hljóðvist – Flokkun íbúðar – og atvinnuhúsnæðis

Þann 1. maí síðastliðinn tók gildi ný og endurskoðuð útgáfa staðalsins ÍST 45 Hljóðvist - Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í staðlinum er íbúðarhúsnæði og ýmiss konar atvinnuhúsnæði flokkað í mismunandi gæðaflokka með tilliti til hljóðvistar. Fyrir nýbyggingar eru 3 flokkar, þar sem lágmarksgæði hljóðvistar eru skilgreind í flokki C. Síðan eru tveir flokkar með betri hljóðvist: Flokkur B með betri hljóðvist en í flokki C og flokkur A með mun betri hljóðvist en í flokki C. Auk þess er svo fjórði flokkurinn D fyrir endurbætur á eldra húsnæði, þar sem ekki er talið gerlegt eða nauðsynlegt að uppfylla hljóðflokk C. Sjá gr. 11.1.3 í byggingarreglugerð: *Staðfesting hljóðvistar vegna breytinga þegar byggðra mannvirkja*. Rétt er að benda sérstaklega á að í byggingarreglugerð er vísað í gildandi staðal ÍST 45, þannig að ÍST 45:2016 varð ígildi byggingarreglugerðar strax við gildistöku.

Uppbygging staðalsins

Fjallað er um eftirfarandi gerðir húsnæðis eins og var í 2. útgáfu staðalsins (frá 2011), en númer kaflanna hafa hliðrast til og í heiti skólakaflanna (kaflar 7 og 8) hafa bæst við tónlistarskólar og dagvistun:

Kafla 6 Íbúðarhúsnæði

Kafla 7 Grunnskólar, leikskólar, tónlistarskólar, dagvistun, frístundaheimili og annað skólahúsnæði fyrir öll skólastig þar til grunnskóla lýkur

Kafla 8 Framhaldsskólar, háskólar, tónlistarskólar og annað skólahúsnæði eftir grunnskólastig

Kafla 9 Sjúkrahús og hjúkrunarstofnanir

Kafla 10 Gististaðir

Kafla 11 Skrifstofur

Síðan bætast við nokkrir nýir kaflar um húsnæði sem ekki var sérstaklega tilgreint áður:

Kafla 12 Veitingasalir

Kafla 13 Iðnaðar-, verslunar- og rannsóknarbyggingar

Kafla 14 Móttökur, afgreiðslur, anddyri og biðsvæði

Kafla 15 Gangar og tengirými í byggingum

Kafla 16 Samgöngumiðstöðvar

Kafla 17 Menningarhús og íþróttamannvirki

Síðasti kaflinn heldur sér áfram sem síðasti kaflinn í staðlinum:

Kafla 18 Hljóðisogsflokkar fyrir atvinnuhúsnæði – annað en áður er talið.

Samsvarandi staðlar hafa verið gefnir út í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og stuðst er við kröfur þessara staðla að nokkru leyti eins og áður. Sérstaklega var tekið mið af endurskoðun norska staðalsins árið 2012 (NS 8175:2012) og fyrirmyndin að köflum 12-17 er fengin þaðan.

Nýju kaflarnir eru ekki eins ítarlegir og kaflar 6-11, og aðeins er gerð krafa um hljóðdeygingu og hljóðstig frá tæknibúnaði.



Steindór Guðmundsson,
byggingarverkfræðingur hjá Verkís.

Varðandi hljóðdeygingu er krafa um ómtíma miðuð við lofthæð rýmisins eins og í norska staðlinum, en fallið var frá því að nota það viðmið líka í köflum 6-11. Auk ómtímakröfu er einnig krafa um meðalhljóðisogsstuðul í köflum 12-17 eins og í norska staðlinum.

Loks má nefna að bætt hefur verið inn nýjum kafla framarlega í staðlinum:

Kafla 5 Almennit um gerð bygginga og viðmiðunargildi.

Efni kaflans er að hluta til nýtt og ætlað

Framhald á bls. 2

Þýðingar staðla - bls. 2

Námskeið á hausthönn - bls. 3

Gæðastjórnun - bls. 4

Námskeið
29. september

Stjórnun
upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 27001
Lykilatriði, uppbygging
og notkun.

Alþjóðlegir staðlar á íslensku og séríslenskir á ensku

Á vegum Staðlaráðs er jafnan unnið að íslenskum þýðingum á einstaka stöðlum. Þar eru mest áberandi alþjóðlegir staðlar sem gerðir hafa verið að íslenskum stöðlum, eða til stendur að gera að íslenskum stöðlum. Þess eru einnig dæmi að séríslenskir staðlar séu þýddir á ensku.

Væntanlegar þýðingar

Þýðingar um sértæk efni eru tímafrekar og erfitt getur reynst að áætla nákvæmlega hve langan tíma þær taka. Þýðingar á eftirtöldum stöðlum munu þó væntanlega verða gefnar út um eða upp úr næstu áramótum:

- ÍST INSTA 800 *Gæði ræstinga - Kerfi fyrir mat og flokkun á gæðum ræstinga*

- ÍST EN ISO 9001 *Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur*
- ÍST EN ISO 9000 *Gæðastjórnunarkerfi - Grunnatriði og íðordasafn*
- ÍST ISO/IEC 27001 *Upplýsingatækni - Öryggisaðferðir - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur*
- ÍST ISO/IEC 27002 *Upplýsingatækni - Öryggisaðferðir - Starfsvenjur fyrir upplýsingaöryggisstýringar*
- ÍST ISO/IEC 27000 *Upplýsingatækni - Öryggisaðferðir - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Yfirlit og orðaforði*

Undirbúningur er hafinn við að þýða tvo séríslenska staðla yfir á ensku:

- ÍST 30 *Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir*
- ÍST 85 *Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar*

Engar fjárveitingar eru ætlaðar Staðlaráði vegna þýðinga, en til að kosta þær er oftast leitað eftir stuðningi þeirra sem vilja fá tiltekna staðla þýdda og telja sig hafa hag af þýðingu þeirra. Þeir sem njóta þýðinganna eru svo auðvitað miklu fleiri en þeir sem standa straum af kostnaðinum. Þá eru ótalin þau verðmæti sem þýðingar á stöðlum eru sértæk efni skila íslenskri tungu. Þýðingar á stöðlum eru venjulega tvítyngdar, þannig að íslenska og enska standa hlið við hlið.

Hljóðvist (framhald)

til útskýringar. Þar er einnig að finna skýringartexta sem áður var í kaflanum um íbúðarhúsnæði.

Helstu breytingar á viðmiðunargildum

Við ákvörðun viðmiðunargilda í flokki C voru þau eins og áður löguð að reglugerðarákvæðum íslenskra reglugerða þar sem það á við. Mjög litlar breytingar voru gerðar á viðmiðunargildum í flokki C. Í kafla 7 var þó t.d. sett inn ný lína í töflu 13 um ómtíma í sérkennslurýmum, og í kafla 6 um íbúðarhúsnæði er felld út krafa um hogghljóðstig frá einkasvolum. Loks má nefna að í flokkum A og B er gerð krafa um hljóðdeyfingu í rýmum innan íbúða í nýrri töflu (tafla 3). Lítilsháttar breytingar voru gerðar á sumum viðmiðunargildum í flokkum A, B og D til þess að fá betra heildarsamræmi í viðkomandi töflur, og sumir kaflar voru einfaldaðir með því að vísa í einhvern af nýju köflunum (12-17).

Stærsta breytingin er vafalaust sú að ákveðið var að breyta viðmiðunargildum í íbúðarhúsnæði fyrir lofthljóðeinangrun milli

íbúðar og sameiginlegra ganga, stigaganga og svalaganga. Sú breyting nær yfir alla hljóðflokka A, B, C og D. Í stað þess að hafa eitt viðmiðunargildi óháð aðstæðum, eins og er í norska staðlinum, var farin hliðstæð leið og í sænska staðlinum að leyfa frávík við hagstæðar aðstæður:

Í töflu 1 um lofthljóðeinangrun milli íbúðar og sameiginlegra ganga, stigaganga og svalaganga, voru línur felldar út og öðrum bætt inn. Í flokki C var áður gerð ófrávíkjanleg krafa um $R'_w \geq 55$ dB, en nú er sú krafa á bilinu 44-55 dB. Gerð er krafa um óbreytt viðmiðunargildi (55 dB) þar sem sérstök hættu er á truflun, en almenna krafan verður 48 dB. Ennfremur verður heimilt að miða við 44 dB á stúdentagörðum, heimavistum og stofnunum fyrir aldraða. Viðmiðunargildi í flokkum A, B og D taka hliðstæðum breytingum, sjá nánar töflu 1 í staðlinum.

Með þessu er komið til móts við sjónarmið um að þessar kröfur hafi verið of stífar og hafi leitt til óþarflegra kostnaðarsamra lausna í sumum tilvikum. Til hliðsjónar má nefna að krafan um 44 dB hljóðeinangrun

er sú sama og gilt hefur og gildir áfram um hljóðflokk C fyrir hótélherbergi.

Það ætti að vera hægt að ná allt að 48 dB hljóðeinangrun með einni mjög góðri hurð í stað þess að hafa tvær sæmilegar hurðir með forstofu á milli, eins og þarf til að uppfylla kröfuna um $R'_w \geq 55$ dB. Þetta eru þá sérsmíðaðar/sérinnfluttar hurðir og nokkuð dýrar enda þurfa þær að uppfylla sem viðmiðunarreglu $R_w \geq 48$ dB mælt á tilraunastofu. Samsvarandi fyrir hótélhurðir í hljóðflokki C er $R_w \geq 43$ dB mælt á tilraunastofu.

Parft verkfæri

Ætla má að staðallinn nýtist bæði hönnuðum, verktökum og ekki síst verkkaupum og/eða notendum húsnæðisins til að gera skilgreindar kröfur um gæði hljóðvistar og hvernig unnt sé að uppfylla þær. Staðallinn nýtist í fyrsta lagi til þess að flokka byggingar og hluta af byggingum á grundvelli hljóðvistar. Einnig má nota staðallinn til þess að gera meiri kröfur til hljóðvistar en það lágmark sem ákveðið er í reglugerðum, og til að setja hljóðkröfur við endurnýjun húsnæðis.

- Haustönn 2016 -

Námskeið Staðlaráðs

Búið er að tímasetja námskeið Staðla-
ráðs á haustönn. Á vef Staðlaráðs,
stadlar.is, er hægt að setja nafn og
tölvupóst á póstlista og fá tilkynningu
þegar skráning hefst á hvert námskeið
um sig. Sérstök athygli er vakin á nýju
námskeiði um *áhættustjórnun* með
hliðsjón af staðlinum ISO 31000, sem
verður í desember.

29. september:

*Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/
IEC 27001 - Lykilatriði, uppbygging og notkun*

MARKMIÐ námskeiðsins er að þátttakendur
geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna
ISO/IEC 27002 og ISO/IEC 27001 og
þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun
upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og
stofnunum.

13. október:

*ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir -
Lykilatriði, uppbygging og notkun*

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur
geti gert grein fyrir megináherslum og upp-
byggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni
og þekki hvernig hægt er að beita þeim við
að koma á og viðhalda gæðastjórnunarkerfi.

3. nóvember:

Innri úttektir með hliðsjón af ISO 19011

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur
skilji til hlítar tilgang og ferli innri úttekta
á stjórnunarkerfum með hliðsjón af ISO
19011, geti gert grein fyrir mikilvægustu
atriðum slíkra úttekta og séu að loknu
námskeiðinu færir um að framkvæma innri
úttekt í samvinnu við reyndan úttektarmann.

23. nóvember:

CE merking véla - hvað þarf að gera og hvernig?

Námskeið fyrir framleiðendur og innflytjendur
véla. Markmiðið er að þátttakendur verði
færir um að greina hvort vörur falli undir
vélatilskipun ESB og læri hvernig á að CE-
merkja slíkar vörur.

8. desember

Áhættustjórnun með hliðsjón af ISO 31000

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur
þekki uppbyggingu ISO 31000 og geti
beitt staðlinum við að gera ramma fyrir
áhættustjórnun og við áhættumat.

Auk almennra námskeiða býður Staðlaráð
sérnámskeið fyrir stofnanir og fyrirtæki.

- Orðalisti um áhættustjórnun -

ISO Leiðbeiningar 73

*ISO Guide 73:2009 Risk management -
Vocabulary* hefur verið þýddur á
íslensku undir heitnu *ISO Leiðbeiningar
73 Áhættustjórnun - Orðalisti*.

Í staðlinum eru settar fram skilgreiningar
á almennum hugtökum sem tengjast
áhættustjórnun. Staðlinum er ætlað að
stuðla að sameiginlegum og samræmdum
skilningi og samstilltri nálgun að lýsingu
starfsþátta sem lúta að áhættustjórnun.
Einnig að samræmdri notkun áhættu-
stjórnunarhugtaka í ferlum og kerfum sem
snúa að áhættustjórnun. Grunnreglur um
áhættustjórnun er hins vegar að finna í
staðlinum ISO 31000:2009 *Risk management*
- *Principles and guidelines*.

Leiðbeiningarnar í ISO 73 eru ætlaðar þeim
sem vinna við áhættustjórnun og þeim sem
taka þátt í alþjóðlegu staðlasamstarfi eða
þróun landsstaðla eða atvinnugreinastaðla,
leiðbeininga, starfsaðferða og starfsreglna
sem tengjast áhættustjórnun.

Í ISO 73 er sett fram grunnorðasafn til
þess að þróa sameiginlegan skilning á
hugtökum og iðorðum áhættustjórnunar
meðal fyrirtækja af öllu tagi, burt séð frá
starfsemi og starfssviði. Leiðbeiningarnar
eru almennar og teknar saman með það fyrir
augum að ná yfir áhættustjórnun almennt. Í
staðlinum er hugtökum raðað í eftirfarandi
röð:

- hugtök sem lúta að áhættu,

- hugtök sem lúta að áhættustjórnun,
- hugtök sem lúta að áhættustjórnunar-
ferlinu,
- hugtök sem lúta að samskiptum og
samráði,
- hugtök sem lúta að samhenginu,
- hugtök sem lúta að áhættumati,
- hugtök sem lúta að áhættukennslum,
- hugtök sem lúta að áhættugreiningu,
- hugtök sem lúta að áhættuvæðismati,
- hugtök sem lúta að meðferð áhættu,
- hugtök sem lúta að vöktun og mælingu.

Bæði ISO 73 og ISO 31000 eru fáanlegir í
Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is

NÁMSKEIÐ 13. OKTÓBER

ISO 9000 - Lykilatriði, uppbygging og notkun

Farið er yfir uppbyggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni, kröfurnar í ISO 9001
og tengsl staðlanna og gæðastjórnunarkerfis samkvæmt ISO 9001.



- Ráðstefna 11. október -

ISO 9001:2015 og framtíðin

Vert er að vekja athygli á ráðstefnu um gæðastjórnun samkvæmt ISO 9001, sem haldin verður 11. október næstkomandi á Hótel Natura, Reykjavík. Aðalfyrirlesari verður dr. Nigel Croft. Hann mun fjalla um nýja útgáfu staðalsins ISO 9001, stöðu gæðastjórnunar og það sem er framundan á sviði gæðastjórnunar og stöðlunar.

Dr. Croft hefur verið virkur í starfi Alþjóðlegu staðlasamtakanna ISO í yfir 20 ár. Verkefni hans hafa snúist þróun staðla um gæðastjórnun, og frá árinu 2010 hefur hann verið formaður nefndarinnar ISO/TC176/SC2, sem ber meginábyrgð á staðlinum ISO 9001.

Daginn eftir ráðstefnuna, 12. október, verður boðið upp á námskeið þar sem dr. Croft mun fjalla um hugmyndafræðina sem liggur að baki nýjstu útgáfum hinna ýmsu stjórnunarkerfisstaðla (e. Management systems standards).

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og námskeiðið er að finna á vef ráðstefnuhaldara: brennidepill.is



Dr. Nigel Croft.


- Mannabreytingar -

Einn kemur þá annar fer



Guðmundur Valsson,
nýr starfsmaður Staðlaráðs.

Sigurður Sigurðarson, sem unnið hefur hjá Staðlaráði Íslands um langt árabil, hefur látið af störfum. Við starfi hans tók Guðmundur Valsson, verkfræðingur. Guðmundur hefur með höndum starf ritara RST og fleiri verkefni. Staðlaráð þakkar Sigurði langa samfylgd og býður Guðmund velkominn í hópinn.



Staðlar léttu þér lífið...

... við að rétta kynjahallann.

ÍST 85 *Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar* er séríslenskur staðall sem gefur fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að koma upp, innleiða, viðhalda og bæta stjórnun jafnlaunamála hjá sér og afla sér eftir atvikum vottunar um að konur og karlar sem þar starfa njóti jafna launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.